

ÞÓ

FIMMTUDAGUR 1. MARS 2018

Tíska



Hilmar Freyr hefur haft áhuga á tíska eins lengi og hann man eftir. Vinnunnar vegna er hann snyrtilega til fara en utan hennar klæðist hann léttari fatnaði. ➔6

Engin tískuprinsessa

Kristín Ingvadóttir hefur verið fyrirsæta í 40 ár og er enn að. Hún sat fyrir með ofurfyrirsætunni Elle Macpherson í íslenskum lopa og segir dásamlega gott og gaman að eldast. ➔2

MYND/EYÞÓR

39.900 KR.

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND

ENGIN BINDING

STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI
Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.
Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS



RIO jakki
13.995
til svartur eða grænn

Opit
til 21
í kvöld

KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA



SUNDFÖT 2018

Selena

Bláu húsin v/ Faxafen • www.selena.is • 553 7355



Smart föt,
fyrir smart konur

Netverslun á tiskuhús.is

My Style tiskuhús

Stærðir 38-52

mystyle f

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Bórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Framhald af forsiðu ➔

Ég er engin tiskuprinsessa. Mamma var norskur kjóla-meistari og gætti þess að við systurnar værum ávallt finar til fara. Ég elska þó að klæða mig upp á, en fer líka alveg ómáluð á joggingbuxunum í Hagkaup," segir Kristín sem var sautján ára skrifstofumær þegar flugfreyjan Brynja Nordquist bauð henni að vera forsiðustúlka Nýs Lífs árið 1978.

Við tók ævintýralegur tími hjá umboðsskrifstofunni Módel '79.

„Í þá tíð voru tiskusýningar um hverja helgi í Hollywood og maður gerði í raun ekkert annað. Við æfðum á fimmtudögum, mátudum fót á föstudögum, sýndum á laugardögum og sunnudögum og skiluðum fötunum sjálf á mánu-dagsmorgni. Helstu tiskuverslanir kepptust við að sýna nýjustu tiskuna í Hollywood og var bið í að komast þar að með tiskuvörninginn hjá Módel '79," segir Kristín um stórskemmtilega tíma enda voru tiskusýningar hennar uppahald.

„Íslenski lopinn var óhemju vinsæll og mikið um myndatökur og tiskusýningar heima og í útlöndum. Ég sat meðal annars fyrir hjá bandarískum aðila sem seldi íslenskar ullarvörur með engri annarri en áströlsku ofurfyrirsætunni Elle Macpherson, sem þá var að hefja ferilinn. Við sátum fyrir þrjár, Elle, stúlka sem var andlit Ralph Lauren það árið, og svo Kristín litla frá Íslandi sem kunnir ekki neitt!" segir Kristín og brosir að minningunni.

Hún segist hafa verið gapandi fyrir fegurð Elle Macpherson, og frá henni hafi stafað fallegur persónuleiki og hlýja. „Fegurð er afstæð en mér finnst hún alltaf koma innan frá. Það dugar skammt að vera í fallegri pakkningu þegar innihald manneskjunnar er ekki eins fagurt."

Diskótímabilið og árin með Módel '79 hafi verið yndisleg.

„Þetta var svolítið glamúrlíf og þegar við loks gátum farið á ball í Hollywood fengum við að fara fram fyrir röðina, enda áttum við nú eiginlega heima þar. Við vorum eins og fjölskylda; æfðum, sýndum og eyddum tímum saman á skemmtistöðunum, og ég var meira með þeim en fjölskyldu minni. Á milli okkar myndadist sannur og góður vinskapur sem mun endast fram á grafarbakkan."

Kristín lenti í öðru sæti í Fegurðarsamkeppni Íslands árið 1983 en þá varð Unnur Steinsson ungrú Ísland.

„Ég tók aðallega þátt vegna þess að við fengum utanlandsferð í vinning, og þótt ég hafi lifað og hræst í fyrirsætu- og fegurðarbransanum áttu íþróttir hug minn allan. Ég stundaði skíði út í eitt og safnaði peningum til að kaupa nýjustu skíðagræjurnar á meðan aðrir keyptu sér Levi's-gallabuxur. Bransinn breytti mér ekkert en lífið varð ofsalega skemmtilegt. Maður skoraði á sjálfan sig, kynntist frábæru fólki og þetta var góð lífsreynsla."

Var á sjó og hundasjúkrabil

Móðir Kristínar, Liv Synnøve Eriksen Þorsteinsson, var norsk og kenndi meðal annars listdans á skautum.

„Norski hlutinn í mér er mjög sterkur. Ég hef alltaf verið tvítýngd og var öll sumur á æskuárunum í Noregi. Fjölskyldan átti stórt hús í bænum Ás við Óslóarfjörð og þar átti ég ömmu og afa og yndislega fjölskyldu," segir Kristín, sem vann öll sumur í Noregi þegar hún eldist.

„Ég hef alltaf verið óskaplega ævintýragjörn. Ég er góður kokkur og réð mig um tíma á togara, sem mér fannst æðislegt og hef gert oftar



Kristín er hamingjusöm og segir dásamlegt að eldast. MYND/EYFÓR

en einu sinni. Á sjónum fékk ég ómælda virðingu fyrir sjómönnum. Sjálf er ég sjósterk og líður aldrei betur en í mikilli brælu og veltingi. Ég prófaði líka að vinna í löndun og mætti þá á höfnina klukkan fimm að morgni en entist ekki lengi því ég var með litíð barn," segir Kristín sem starfaði sem bílstjóri á hundasjúkrabil í New York þegar hún var 27 ára.

„Þá þvældist ég ein um á nóttunni og sótti veika eða dauða hunda. Það var oft mikil áskorun og þegar ég villtist í næturmyrkrinu fór stundum um mig. Það þýðir hins vegar ekkert að fara hrædd í gegnum lífið og ég er eilíflega þakklát fyrir alla reynsluna. Líf mitt hefur verið meiriháttar og boðið upp á allan skalann; gleði og ótta, og ég sit uppi með lærdóm af öllu saman."

Lærði að elska sjálfa sig

Kristín iðkar nú og kennir Ropeyoga í Ropeyoga Setrinu.

„Ropeyoga er alhlíða heilsurækt sem sinnir huga og holdi. Það kennir manni að lifa í lífandi vitund, anda með vitund og elska sjálfan sig. Að njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða í stað þess að refsa sér fyrir það, eins og svo margir eru duglegir að gera," útskýrir Kristín.

„Jógað breytti öllum viðhorfum mínum til lífsins og líka viðhorfi mínu til sjálfrar mín. Það er tvennt ólíkt að lifa í ótta og neikvæðni og að lifa í vitund og vera til staðar fyrir sjálfan sig. Lífið fór strax að batna og blómstra þegar ég tók ábyrgð á sjálfri mér og fór að hlusta hvernig ég talaði við sjálfa mig."

Ropeyoga byggir á styrkingu djúpkviðarins og styrkir allan líkamann. Fætur liggja slakir í reipum og öll hreyfing er unnin frá miðjunni.

„Þegar maður byrjar í Ropeyoga fær maður harðsperrur á stöðum þar sem maður vissi ekki að væru vöðvar. Þessi heilsurækt virkar ekki síður fyrir hugann, sem flestir þurfa að laga, ef þeir vilja," segir Kristín um jógað sem notast við sjávarfallaöndun sem kemur blóðrásinni í gang, virkjar sogæðakerfið, minnkar bólgu og veitir mikla vellíðan.

Dregur andann í hamingju

Þótt fjórutíu ár séu liðin síðan Kristín var forsiðustúlka Nýs Lífs situr hún enn fyrir og þessa dagana má sjá hana í auglýsingum fyrir tiskuverslunina Cosmo.

„Úti um allan heim sitja eldri fyrirsætur fyrir og þótt þær séu komnar yfir fimmtugt eru þær ekki gerðar brottrækar," segir Kristín og er ánægð með þróun fyrirsætu-bransans. „Það er gott að finna hvernig áherslurnar breytast. Sjálf hef ég alltaf verið afar grónn og

þurft að berjast fyrir því að halda á mér fitu. Þegar mér var boðinn samningur í hátískuhópi í New York var mér skipað að létta mig um fimm kíló. Ég spurði hvar í ósköpunum ég ætti að ná þeim af mér og afþakkaði samninginn. Sem betur fer er þetta að breytast og nú má sjá meiriháttar flottar fyrirsætur í yfir-stærð, sem mér finnst æði. Þannig á tiskuheimurinn að vera og endurspeglar konur í allri sinni dyrd. Ég veit þó að fyrirsætuheimurinn er enn víða hraðilegur, en á Íslandi var hann saklausari og ég kynntist aldrei nokkurn tímann neinu misjöfnu."

Kristín æfði lengi ballett, dansaði líka á skautum, stundaði skíði og var mikið í ræktinni.

„Ég fæddist grónn og hef aldrei þurft að spá í línurnar. Í dag nota ég hvorki áfengi né tóbak og hugsa mikið um hvað ég læt ofan í mig. Ég elda allt frá grunnni og forðast sykurla og hvítt hveiti. Ég er þó alls ekki heilög í þessum efnum en áttatíu prósent af því sem ég nær mig með er holl fæða. Ég fæ mér sko líka ís og súkkulaði en ég geri það með mikilli umhyggju. Því ef maður reidist yfir því sem maður borðar fer það öfugt ofan í mann. Maður á því að njóta hvers einasta bita."

Til að halda húðinni fagurri fer Kristín stöku sinnum í húðslípun og notar íslenska Penzim-kremið sem er framleitt úr sjávarþörungum.

„Svo heldur manni ungum og hressum að vera glaður í sinni og hugsa vel og fallega um sjálfan sig. Þá geislar maður."

Kristín er nýorðin 57 ára og segir frábært að eldast. Hún á kærasta og þrjú uppkomin börn, tvo unga menn sem eru kokkur og bifvélavirki og átján ára dóttur sem er með hár niður á rass og lærir rennismiði.

„Ef maður heldur pakkningunni heilbrigðri er dásamlegt að eldast og hreinlega ekkert að því. Mér finnst ég reyndar enn vera 25 ára og spái aldrei í það hvað ég er gömul. Ég gæti eflaust lagst í kór 65 ára en ég sé það ekki fyrir mér því mér finnst lífið of gott til að láta það gerast. Þegar maður er loks orðin fyrirmynd fyrir sjálfan sig. Maður getur nefnilega ekki verið fyrirmynd fyrir aðra ef maður er ekki fyrirmynd fyrir sjálfan sig."

Ropeyoga hafi verið dýrmæt gjöf.

„Nú veit ég loks hvað ég vil verða þegar ég verð stór. Það er að iðka og kenna jóga og vinna með fólki. Nú dreg ég andann í hamingju. Við höfum 24 þúsund tækifæri til að draga andann á sólarhring og þá er betra að draga andann glaður og í fullri vitund en að draga andann í vanlíðan og vita ekki hvað maður á að gera við allt þetta súrefni."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgrímsson

Sölu menn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Máté Dalmy, mate@frettabladid.is, s. 512 5442

SHIMANO®

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

RFR.

TRI

CUBE 2018 reiðhjólin eru komin!

CUBE

STAGES
CYCLING

Wilier TRIESTINA



LG
LOUISGARNEAU®

ParkTool

Tacx

STAGES
CYCLING

#becube #triverslun

Rolf PRIMA

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verzlunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

Heitt fyrir vorið og COMMA dagar

Vorið er heitt eins og línurnar sem komnar eru bera merki um, RED VIBES og BLUE SHADES. Mikið er um sterka liti í vor. Köflótt, doppótt og blómamunstur eru áberandi í tiskublöðunum um þessar mundir.

Rautt, svart og kremad í bland eru áberandi í RED VIBES línunni frá COMMA og í BLUE SHADES línunni er áherslan á dökkblátt, bleikt og blómamunstur.

Gaman að segja frá því að COMMA er með 12 línur svo það er alltaf það heitasta í tiskunni í hverri viku í verslun okkar í Smáralind.

lind. Kjólarnir okkar hafa verið svaka vinsælir fyrir veislur og parti vorsins.

COMMA DAGAR byrja í dag og erum við með mikið fjór í versluninni og skemmtileg tilboð til 21.00 í kvöld.

Ekki missa af leiknum okkar á FACEBOOK /COMMAICELAND og INSTAGRAM.

Hér fyrir neðan eru nokkur tilboð sem verða í boði á COMMA DÖGUM.

Vorið velkomnar og komið að skoða það heitasta fyrir veislur vorsins.

» Vorið er komið í Comma og skemmtilegir dagar framundan í versluninni í Smáralind.



Glæsileg vor- og sumarföt eru að koma í verslunina Comma í Smáralind.



Toppur, var á 11.490 fer í 8.990 krónur.



Jakki var á 22.990, fer í 16.990 krónur.



Blússa sem var á 9.990 fer í 6.990 krónur.



Toppur, var á 8.490, fer í 5.990 krónur.



Kjöll var á 22.990, fer í 16.990 krónur.

Neonpartí hjá Prada

Það hefur verið skrautlegt um að litast á tiskuvikunni í Milanó þar sem helstu tiskuhönnuðir heimsins sýndu haust- og vetrartísku 2018-2019. Sumir voru skrautlegri en aðrir.

Frægustu fyrirsætur heims gengu um sali á ítölsku tiskuvikunni um helgina en næst liggur leið þeirra til Parísar þar sem tiskan verður í hávegum höfð næstu vikuna. Fólki leiddist ekki í Milanó enda var þar margt fallett og skemmtilegt að sjá. Fyrstar stigu á svið fyrirsætur fyrir Gucci sem sýndu stórar og efnismiklar ullarkápur. Nokkur tiskuhús eins og Dolce & Gabbana og Max Mara sýndu kápur með dýramynstri.

Það var þó ekki síst Prada sem vakti athygli enda var hönnun þeirra fyrir næsta vetur ansi skrautleg með alls kyns sterkum neonlitum, sérstaklega límónugrænu, gulu og bleiku. Skvíurnar eiga aldeilis eftir að vekja athygli hvar sem þær koma í þessum fatnaði. Allar fyrirsæturnar voru auk þess málaðar með þessum litum.

Versace kom hins vegar fram

» Prada vakti athygli enda var hönnun þeirra ansi skrautleg með alls kyns sterkum neonlitum, sérstaklega límónugrænu, gulu og bleiku.

með pönk- og rokklegan fatnað. Þeir eru greinilega óhræddir við að ganga aðeins lengra í hinum villta fatastil.

Það verður gaman að fylgjast með stjórnunum þegar þær koma fram á Óskarsverðlaunahátíðinni í Hollywood næsta sunnudag. Kvikmyndastjórurnar eru oft þær fyrstu sem sjást opinberlega í glænýrri hönnun frá frægu tiskuhúsunum. Kannski einhver sjáist í neonlitum.





EXPERIENCE
THE STRONGEST REBIRTH

CANDICE SWANEPOEL

MEÐAN ÞÚ SEFUR,
GERAST KRAFTAVERKIN

MASKINN RÓAR HÚÐINA, DREGUR ÚR RÓÐA
OG STREKKTRI HÚÐ. HÚÐIN VERÐUR
ÞÉTTARI OG LJÓMAR FALLEGA.

SPA BURSTI SEM
BIOThERM HEFUR
EINKALEYFI Á

MASKI SEM RÓAR, GRÆÐIR,
ENDURNÝJAR OG KÆLIR



LIFE PLANKTON™
HEIL LÍNA AF RÓANDI OG STYRKJANDI VÖRUM
ÁN ALKAHÓLS, LITAREFNA OG PARABENA

Discover our exclusive massage ritual on www.biotherm.com

BIOThERM

BIOThERM KYNNING

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG
TIL SUNNUDAG 1. – 4. MARS.

20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM BIOThERM DÖMU- OG HERRAVÖRUM

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.

BIOThERM hlaut Prix d'Excellence de la Beauté VERÐLAUNIN frá MARIE-CLARIE.

Life Plankton™ Sensitive Emulsion, Aquasource Everplump Night, Blue Therapy cream-In-Oil krem,
Skin Oxygen línan, Skin Fitness línan og Waterlovers sólkremin hlutu þessi eftirsóttu verðlaun
fyrir framúrskarandi formúlu síðasta árs (Textures & Sensoriality).



NÝTT

LIFE PLANKTON™ SENSITIVE BALM er nýtt
krem í Life Plankton línunni sem hentar fyrir mjög viðkvæma
húð. Krukkan er loftþétt og með skammtara fyrir hverja notkun.

Frábær tilboð á kremum og möskum í 30 ml krukum og túpum á kynningunni.
Tilvalin í ferðalagið, sporttöskuna, í baðskápinn eða einfaldlega til að kynna Biotherm.

Blái liturinn í uppáhaldi

Hilmar Freyr hefur haft áhuga á tisku eins lengi og hann man eftir. Vinnunnar vegna er hann snyrtilega til fara en utan hennar klæðist hann léttari fatnaði.

Starri Freyr
Jónsson
starri@frettabladid.is



Starfs síns vegna er Hilmar Freyr Kristinsson yfirleitt mjög finn og snyrtilega til fara. Hann er starfsmaður fjármálaframtækisins Kviku en segist þrátt fyrir það ekki vera of formlegur. „Dagsdaglega er ég vinnunnar vegna í jakkafötum eða blazer-jakka og stökum buxum, skyrту og með bindi. Ég hef séð til þess hingað til að eiga nóg af stökum buxum og blazer-jökkum þannig að ég sé ekki alltaf í jakkafötum en samt auðvitað finn. Utan vinnunnar þykir mér hins vegar langbest að vera í „skinny“ gallabuxum og hversdagsskyrtu eða góðri peysu sem ég get þess vegna parað saman. Með þessu er ég oft í t.d. hvítum strigaskóm eða einum af Adidas NMD skónum sem ég hef sankað að mér.“

Hilmar Freyr er 25 ára gamall og uppallinn í Ártúnsholti í Reykjavík. Hann útskrifaðist með B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík (HR) árið 2015 og hóf strax í kjölfarið störf hjá Kviku banka sem hann segir vera frábæran vinnustað. „Után þess hef

ég kennt dæmatíma í HR frá því á lokaárinu mínu og verið hlutastarfsmaður í Hugo Boss búðinni.“

Líkar við litina

Hilmar hefur haft áhuga á tisku eins lengi og hann man eftir að eigin sögn. „Hann jókst þó til muna eftir að ég hóf að vinna við þetta með háskóla. Þá breikkuðu líka fatapælingarnar yfir í jakkaföt, blazer-jakka og þess háttar. Blái liturinn er í mjög miklu uppáhaldi hjá mér og hefur verið lengi. Annars þykir mér vínrauður, brúnn og mosagrænn líka mjög flottir litir og þeir ganga líka vel við blátt.“

Honum finnst þægileg fót almennt einkenna klæðnað ungra manna í dag. „Þar á ég t.d. við þröngar gallabuxur í bland við joggingbuxur sem eru auðvitað víðari. Sama má segja um peysur og úlpur, þær eru stærri og lausari. En svo fer það auðvitað bara eftir manngerðum en þetta er algengara finnst mér.“

Hvernig fylgist þú helst með tiskunni? Eins og flestir þá nota ég Instagram mjög mikið. Þar fylgi ég þessum

helstu á borð við GQ og The Rake Online og svo merkjum á borð við Ralph Lauren, Hugo Boss og Balmain.

Hvaða flik hefur þú átt lengst og notar ennþá? Ætli það sé ekki blár Boss blazer-jakki sem ég keypti fyrir nokkrum árum. Þægileg flik sem gengur bæði við finni buxur og líka gallabuxur. Ef maður fer í stuttar helgarferðir þar sem þess er stundum krafist að maður sé í finni kantinum er blár blazer gráupplagður.

Áttu minningar um gömul tiskuslys? Engin stórslys, ótrúlegt en satt. Ég á það eftir.

Hilmar Freyr er finn og snyrtilegur til fara í vinnunni.



Után vinnunnar þykir Hilmar best að vera í þægilegum buxum og hversdagsskyrtu eða góðri peysu. Með þeim fatnaði notar hann oft hvíta strigaskó eða eina af Adidas NMD skónum sem hann hefur sankað að sér. MYNDIR/ANTON BRINK

Bestu og verstu fatakaup? Þar má helst nefna Woolrich-úlpu sem fæst í Herragarðinum en hana keypti ég fyrr í vetur. Það gerir mjög mikið fyrir mig að geta klæðst úlpu sem er bæði hlý og flott og hægt er að klæðast yfir jakkaföt.

Mér detta engin slæm kaup í hug heldur önnur mjög góð kaup. Fyrir nokkrum árum keypti ég skóhlífar sem er algjört lyklatríði ef maður vill ekki þurfa að endurnýja sínu leðurskóna sína árlega. Ég hendi mér í þær áður en ég fer út í rigninguna eða slabbíð og þær verja skóna þar til ég kem aftur inn og tek þær af. Það er ekkert vit í því að kaupa sér fina leðurskó ef maður fer ekki vel með þá líka.

Eyðir þú miklu í fót miðað við jafnaldrana þína? Já, það er nær óhjákvæmilegt þegar maður hefur bæði áhuga á fötum og er með annan fótinn í mjög flottri fatabúð.

Notar þú fylgihluti? Ég er ekki mikið fyrir fylgihluti og er t.a.m. ekki mikill úrakall – Apple Watch dugar mér alveg ágætlega. En bindi nota ég flesta daga vikunnar.



Í fataskáp Hilmars eru nokkrir blazer-jakkar sem hann notar mikið.

HVAÐ GEFUR NEOSTRATA ÞÉR?


FYLLINGU
RAKA OG NÆRINGU
JAFNARI HÚÐLIT
DREGUR ÚR FÍNUM LÍNUM

Ráðgjafi í Lyf og heilsu
Kringlunni 1. mars frá 14-16





Skyrta
Fullt verð 11.990,-
Opnunartilboð 7.990,-
stærðir 38-56



Blússa
Fullt verð 8.990,-
Opnunartilboð 5.990,-
stærðir 36-52



Blússa
Fullt verð 8.990,-
Opnunartilboð 5.990,-
stærðir 38-56



Peysa
Fullt verð 9.990,-
Opnunartilboð 6.990,-
stærðir S-XXXL

Bolur
Fullt verð 5.990,-
Opnunartilboð 3.990,-
stærðir S-XXXL



Úlpa
Fullt verð 13.990,-
Opnunartilboð 8.990,-
stærðir 36-52



Kjól
Fullt verð 11.990,-
Opnunartilboð 7.990,-
stærðir S-1XL

Ný Brandtex verslun opnar á annari hæð Kringlunnar kl 10 í dag

Fyrstu 30 gestirnir fá **2.000kr gjafabréf**

Brandtex opnar nýja og glæsilega verslun á annari hæð Kringlunnar í dag, 1.mars. Frábær opnunartilboð, Bylgjan verður í beinni, Dj Dóra Júlía heldur uppi stuðinu og Dís og stelpurnar úr Laugum Spa kynna það nýjasta úr snyrtílinunni sinni.

Hlökkum til að sjá ykkur í nýrri Brandtex verslun í Kringlunni!

Brandtex®

Brandtex SIGNATURE® jensen IMITZ CÍSO



Myndir af Millie Bobby Brown sem leikur Eleven í Stranger Things eru komnar á boli. Kannski ekki skritið þar sem stúlkan er á hraðri leið upp á stjörnuhimininn.

Götutískan í Milánó

Þegar tískuvikan stendur yfir í Milánó er jafngaman að fylgjast með götutískunni og nýjustu tískunni á sýningarpöllum.

Tískuvikunni í Milánó er nýlökð en hún stóð yfir frá 21.-27. febrúar og veur ávallt mikla athygli og umtal. Þar var haust- og vetrartískan 2018 kynnt en það er langt síðan línurnar fyrir hana voru lagðar. Vor- og sumartískan var t.d. sýnd í september á

síðasta ári í París og er að berast í fataverslanir þessa dagana.

Tískuvikan í Milánó er án efa einn athyglisverðasti og eftirsóttasti tískuviðburður hvers árs. Á meðan á henni stendur þyrpast allir til Milánó, ekki aðeins til að fylgjast með nýjum tískustráumum

heldur líka til að sýna sig og sjá aðra. Þess vegna er ekki síður gaman að fylgjast með litríkri og skrautlegri götutískunni þar sem hugmyndaauðgin nýtur sín í botn. Götutískan er líka vettvangur fyrir hönnuði til að vekja á sér athygli og koma sér á framfæri.

Flott fót,
fyrir flottar konur

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Upplifandi litir og mynstur sem tekið er eftir á götum stórborgarinnar.



Candela Pelizza lét sig ekki vanta á sýninguna hjá Dolce&Gabbana og skartaði þessum flotta, fjólubláa samfestingi. Hann væri tilvalin flik fyrir íslenska veturinn.

Ný sending
Kjólar og túnikur

Túnika
kr. 7.900.-

Kjól
kr. 12.900.-

Fleiri litir
Str. 44-56

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Götutískan er alls konar. Líka ekta pelsar sem þó eru smám saman að vika fyrir gervipelsum.



Shea Marie og Caroline Vreeland á leið frá tískusýningu Missoni. Þær eru vel þekktar Instagram-stjörnur.

Hafðu (AKU) með í valinu

Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.



AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum



Aukin mýkt við ökkla

GoreTex filma, 100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, hægt að vera með sittvora stillinguna yfir rist, eða um ökla

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

AKU SUPERALP GTX 34.990 kr. STÆRÐIR 35-48



Lágir gönguskór / borgarskór

AKU Climatica NBK GTX
24.990 kr.

Lágir gönguskór / borgarskór

AKU Climatica Suede GTX kvenna
22.990 kr.

Gönguskór með góðan stuðning

AKU ALTERRA GTX kvenna
27.990 kr.

Gönguskór með góðan stuðning

AKU ALTERRA GTX
27.990 kr.

Léttir gönguskór

AKU TRIBUTE GTX
21.990 kr.

Lágir, millistífir gönguskór

AKU ROCK II GTX
23.990 kr.

GG-sport



Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Opíð virka daga frá 10.00 til 18.00, laugardaga frá kl. 11.00 til 15.00

„Finndu okkur á Facebook“



Flottir toppar



Verð 5.900 kr. - stærð 36 - 46

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper
 FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opíð: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



Síðan Markús Már féll fyrir kragalausum skyrtum getur hann ekki lengur verið með hálsbindi en bætir það upp með því að ganga með axlabönd. MYND/EYÞÓR

Ástfanginn af tweedi

Markús Már Efraím, ritlistarkennari og formaður Sagna – samtaka um barnamenningu sækir mikið í breska tísku frá miðbiki síðustu aldar og er nánast alltaf með axlabönd.

Brynhildur Björnsdóttir
 brynhildur@frettabladid.is



Hvernig fót kaupir þú oftast? Ég hef lengi verið ástfanginn af tweedi og er stöðugt að endurnýja tweed-buxur. Lengi vel gekk ég með bindi alla daga en undanfarin ár hef ég kolfallið fyrir kragalausum skyrtum og geng nánast eingöngu í þeim, að viðbættum buxum og nærfötum auðvitað.

Hvar kaupir þú fót? Ég er ekki mikið fyrir að taka áhættu svo ég kaupí næstum öll fötin mín í Herrafata-verzlun Kormáks og Skjaldar. En ef ég rekt á fallega skyrtu í Hagkaupi eða H&M þá er mér raunar sama hvaðan þær koma. Ég veit bara að hverju ég geng hjá Kormáki og Skildi.

Finnst þér skemmtilegt að kaupa fót? Í hreinskilni sagt, nei. Ég er yfirleitt frekar ákveðinn í því hvað mig vantar og eyði ekki meira en hálf tíma í fatabúð ef ég ætla að kaupa eitthvað. Mér finnst miklu skemmtilegra að kaupa fót á syni mína, Úlfi Kalman og Baltasar, og get eytt óheyrilegum tíma í að skoða fót á þá.

Finnst þér gaman að klæða þig upp á? Það fer eftir því hvernig maður/kona skilgreinir „að klæða sig upp á“. Ég klæði mig eins alla daga og við öll til efni svo það er ekkert „upp á“. En ætli flestir myndu ekki kalla það að vera „finn“. Kannski er það snobb en mér þykir gaman að vera „herramannslega“ klæddur. Það getur samt skapað vandamál á jólum og í jarðarförum þegar ég get raunar ekki verið „finni“ en ég er dagsdaglega.

Hvaða litum ertu oftast í? Eins leiðinlegt og það hljómar þá er ég hrifnastur af gráu. Einhvern tíma las ég einhverja tiskuspekúlanta ræða klæðaburð stjórnmálaleiðtoga og þá héldu þeir því fram að þeir sem klæddust gráu væru samfélagslega sinnadír. Það á allavega vel við mig þótt það sé ekki meðvitað. Þess utan eru það helst jarðlitir í tweedinu.

Ertu veikur fyrir aukahlutum, tóskum, skóm, skartgripum? Ég geng ekki með úr, skartgripum eða aðra aukahluti. En axlabönd eru nauðsynlegur hluti af



Markús Már sækir mest í breska tísku frá miðbiki síðustu aldar.

klæðnaði mínum. Eftir að ég hætti að ganga með bindi hafa axlaböndin verið blætið mitt. Krökkunum, sem ég vinn með, finnst það alltaf jafn áhugavert og það líður varla sá dagur að enginn prófi að toga í þau.

Hvað kaupirðu þótt þú eigir nóg af því? Ekkert. Fataskapurinn minn er hlægilega lítill miðað við að ég hafi verið fenginn í þetta viðtal. Ég á alltaf til úrval af skyrtum og axlaböndum, sem ég rótera, en annars á ég yfirleitt ekki meira en ég nauðsynlega þarf af fötum.

Hvað er á döfinni hjá þér núna? Nýlega tók ég þátt í stofnun nýrra samtaka um barnamenningu ásamt RÚV, Barnamenningarhátið, Menntamálastofnun, SÍUNG og fleiri

stofnunum. Ég var kosinn formaður og nú erum við á fullu að kynna Söguverkefnið á KrakkaRÚV, sem felur í sér að hvetja börn til að lesa og skrifa. Svo er undirbúningur fyrir Söguverðlaunin, eins konar „kid's choice“ Íslands, í fullum gangi.

Hvað er fram undan? Lífið og vonandi endalaus ævintýri með sonum mínum. En á sértækari nótum þá er ég að skrifa barnabók, hrollvekju fyrir yngri lesendur, og svo fara að hefjast ritsmíðjur fyrir 8-12 ára börn á Kjarvalsstöðum. Ég er enn að melta hvort sé skemmtilegra, að kenna börnum að skrifa eða að skrifa sjálfur. Vonandi get ég gert hvort tveggja jöfnum höndum þar til ég hrekk upp af.

Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum

FRÁBÆR
 KÍNVERSUR
 VEITINGASTAÐUR
 Í MEIRA EN
 30 ÁR



HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00

Verð kr. 2.100



Opíð alla daga
 vikunnar frá
 kl. 11:00 - 22:00



Kinahofid

Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogur
 www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022

Við erum á
 facebook

www.kinahofid.is

Ábendingahnappinn má finna á
 www.barnaheill.is



S A F T





Hvítu sokkarnir – því meira áberandi, því betra.

Stytttri skálm og hvítir sokkar

Hvítir íþróttasokkar þykja nú finasti fótabúnaður þrátt fyrir að hafa mætt nokkrum fordómum gegnum tíðina. Ítalski hönnuðurinn Alexandre Mattiussi lét nánast allar fyrirsæturnar á sýningu sinni í janúar klæðast þessum trausta fótabúnaði og skipti þá engu hvort buxurnar við voru galla eða gala. Það eina sem buxurnar áttu sameiginlegt var að skálmarnar á þeim voru nógu stuttar til að sokkarnir sæjust alveg örugglega! Þá voru skórnir bæði sparilegir og hversdags svo það er ljóst að stuttar skálmur og hvítir sokkar eru það sem koma skal á götunum í sumar.



Handtaskan stal senunni í heimsókn Megan og Harrys til Nottingham og hefur nú selst í bilförmum.

Töskurnar sem Meghan Markle elskar rjúka út

Þegar Meghan Markle, leikkona og unnusta Harrys Bretaprins, fór í fyrstu opinberu heimsókn sína til Nottingham í desember sl. vakti Burberry-ullarkápan sem hún klæddist mikla athygli. Það var samt falleg og látlaus handtaska frá skoska merkinu Strathberry sem var senuþjófurinn. Taskan góða kostar 70 þúsund út úr búð en eftir að Megan sást með hana seldist hún upp og fæst nú fyrir þrefalt verð á eBay. Töskurnar frá Strathberry falla Megan greinilega vel í geð því nú hefur hún bætt annarri við. Sú kallast East/West Mini og er ekki síður vinsæl því þúsund manns hafa skráð sig á biðlista til að eignast hana. Heimsóknir á heimasíðu Strathberry hafa margfaldast og áhugi á merkinu hefur aldrei verið meiri, enda hefur almenn sala á vörum frá því aukist töluvert. Talsmenn fyrirtækisins tala um Meghan-áhrifin og eru auðvitað hæstánægðir með tilvonandi tengdadóttur Bretlands.

Smart en verst kuldanum

Zinedine Zidane, þjálfari Real Madrid og þjálfari ársins 2017 hjá FIFA þykir einstaklega smekklega til fara. Hann er sagður einn best klæddi knattspyrnumaður heims. Nú gengur fimbulkuldi frá Síberíu yfir Evrópu og þá þurfa vel klæddir að bregðast við sem aðrir. Zidane fór ekkert úr jakkafötunum en klæddi sig í vandaðan dúnjakka undir til að halda á sér hita. Sumir segja að það sé ekki til vont veður heldur einungis það að klæða sig illa. Zidane þarf ekkert að kvarta

undan kulda í þessum glæsilega dúnjakka undir jakkafötunum.

Annars er fólki sem þarf að þola Síberíukuldann bent á að leggja öllum fatnaði úr pólýester en klæðast ull og skinni í staðinn til að halda að sér hita. Íslendingar hafa verið framarlega í hönnun hlýrra dúnúlpna og þær ættu að koma sér vel úti í Evrópu þessa dagana. Kuldinn verður áfram næstu daga. Þá þarf einnig að pakka símanum sínum í hlýjan hanska því hann þolir illa kuldan.



Zinedine Zidane, þjálfari Real Madrid, er alltaf flott klæddur.

ESTÉE LAUDER

Estée Lauder kaupaukinn þinn í Sigurboganum.

Þessi glæsilegi kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Estée Lauder fyrir 7.900 kr eða meira dagana 1 – 7. mars*

*á meðan birgðir endast

20%
afsláttur af Estée Lauder
vörum 1. - 3. mars



Kaupaukinn inniheldur:

Advanced Night Repair Cleansing Foam – froðuhreinsi 30 ml
Revitalizing Supreme + Global Anti – Aging Cell Power Creme- fyrirbyggjandi rakakrem, 15 ml
Revitalizing Supreme + Global Anti – Aging Cell Power Eye Balm- fyrirbyggjandi augnkrem, 5 ml
Pure Color Envy Sculpting Eye shadow- augnskuggapalettu með 4 litum.
Double Wear Stay in Place Eye Pencil- augnblyant, Coffee, 0,8 g
Pure Color Envy Lash Multi Effect Mascara- maskara, 2,8 ml
Pure Color Envy Sculpting Lipstick- varalit í fullri stærð í litnum Powerful Fallega snyrtibuddu

*á meðan birgðir endast


SIGURBOGINN
 SNYRTI- OG TÍSKLUVÖRUVERSLUN
 Laugavegi 80 - sími 561 1330



Á þessari mynd er vélinni beint upp á fyrirsætuna sem horfir beint í myndavélina. Moss telur að myndir sem sýna sterkar konur séu að verða algengari.



Hér er einstaklingurinn aukaatriði og andlit fyrirsætunnar sést ekki. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



Hér er virðist fyrirsætan varnarlaus og í liggur á bakinu með fótleggina í sundur. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Dauðar fyrirsætur að deyja út

Fyrirverandi tiskuljósmyndari hefur gagnrýnt að fyrirsætur séu oft sýndar sem persónuleikalaus fórnarlömb eða jafnvel liðin lík í tiskumyndatökum. Hún segir samt að þróunin sé á réttri leið.

25%
afsláttur

28. feb. – 11. mars



Sothys dagar í Lyfju

Dagana 28. febrúar–3. mars verður kynning á hinum vönduðu og vinsælu vörum frá Sothys í völdum apótekum Lyfju. Þar veitir sérfræðingur Sothys ráðgjöf ásamt húðgreiningu og býður gestum að kynna kremum og serum frá Sothys sem þekkt eru fyrir nærandi og rakagefandi eiginleika. Sothys snyrtitaska ásamt 30 ml hreinsivatni, hreinsimjólki og 15 ml hálsaserum fylgir þegar verslað er fyrir 5.000 kr. eða meira.

Hlökkum til að sjá þig!

lyfja.is

Sérfræðingur Sothys veitir frá húðgreiningu í Lyfju:

Í dag fim. | Smáratorgi kl. 14–18

Fös. 2. mars | Keflavík kl. 14–18

Lau. 3. mars | Smáralind kl. 14–18

LYFJA
– Lífið heil

Oddur Freyr
Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Jennifer Moss er fyrirverandi tiskuljósmyndari sem vann áður í Los Angeles í Bandaríkjunum. Hún hefur gagnrýnt hvað fyrirsætur eru oft sýndar á óeðlilegan og ómanneskjulegan máta á tiskuljósmyndum og ákvað að flokka myndirnar sem henni fannst sýna konur í röngu ljósi til að vekja athygli á þessu. Hún segir að sem betur fer sé þetta samt tekið að þróast í rétta átt.

Senda röng skilaboð

Fyrsta flokkinn sem Moss bjó til kallar hún „hrædd/fórnarlamb“. Það eru myndir sem sýna fyrirsætuna sem hrædda eða í varnarstöðu, að draga sig í burtu frá karlmanni eða jafnvel látta.

„Sem kona, móðir dóttur og neytandi finnst mér auglýsingarnar þar sem konur eru sýndar sem lík mesta áhyggjuefnið,“ segir Moss.

Annar flokkur kallar hún „í stöðu fyrir kynlíf/afklædd“. Það eru myndir sem sýna fyrirsætuna með fótleggina í sundur, liggjandi á rúmi eða nakta.

Þriðja flokkinn kallar hún „hógvær og feimin/barnsleg“. Þá sýnir fyrirsætan líkamstjaniþing sem sýnir undirgefni eða veikleika, augun horfa ekki beint í vélina og efri hluti líkamans er hokinn.

Fjórti flokkinn kallar hún „ekki mennsk/ein af mörgum“. Þá sést ekkert andlit eða það er hulið, enginn persónuleiki er sýndur eða fyrirsætan er sýnd sem vara.

„Skilaboðin sem þeir eru að senda er að þetta sé glæsilegt,“ segir Moss. „Að þú eigir að vera hógvær, þú eigir að vera hikandi, þú eigir að vera hrædd þegar þú gengur um göturnar.“

Ýkt birtingarmynd menningar

Það eru til óteljandi dæmi um svona tiskuljósmyndir frá síðustu áratugum. Þetta hefur tíðkast í meira en hálfa öld. Konur eru sýndar sem fórnarlömb eða jafnvel liðin lík og það á að vera glæsilegt, fallett eða aðlaðandi.

Þetta er kannski ýkt birtingarmynd af menningarlegu blæti sem virðist vera til staðar fyrir konum sem eru fórnarlömb, eða í það minnsta hlutlausar, undirgefna og óvirkar. Í vest-rænni menningu, þar sem þessir þættir eru færðir í stílinn og gerðir söluvænir og kynferðislegar staðalmyndir ganga meðal annars út á að konur séu óvirkar og berskjaldaðar, er kannski ekki svo furðulegt að auglýsingamarkaðurinn hámarki þessa þætti og komist þannig að þeirri niðurstöðu að það sé eitthvað aðlaðandi við láttnar stúlkur.

Virðist stefna í rétta átt

Sem betur fer hafa augu fólks opnast sífellt betur fyrir þessu. Menningin hefur breyst með árunum og sumir hafa bent á hvað þetta er óeðlilegt með því að breyta samhenginu. Um leið og konur setja sig í sömu stellingar og þessar fyrirsætur á götum úti, eins og gert var í verkefninu „Poses“ eftir Yolanda Domínguez, eða ef kynhlutverkunum er snúið við, sér fólk skyndilega mun betur hvað þetta er óeðlilegt.

Það eru skýr merki um að þetta sé ekki það sem fólk vill. Margir mótmæla ljósmyndum af þessum toga og það segir sitt að kvikmyndir sem standast Bechdel-prófið skila meiri hagnaði en þær sem gera það ekki. Til að standast Bechdel-prófið þarf kvikmynd að sýna að minnsta kosti tveir kvenkyns persónur sem eiga samræður um eitthvað annað en karlmann.

Moss telur líka að ný stefna í tiskuljósmyndun sé að ryðja sér til rúms. Það eru myndir sem sýna konur sem eru sterkar. Moss bjó til einn flokk í viðbót fyrir slíkar myndir, sem hún kallar „sterk/glöð“. Það eru myndir sem sýna fyrirsætu sem horfir beint í myndavélina, er mynduð neðan frá eða nýtur velgengni.

Jayne Pickering, tiskustjóri hjá Marie Claire, tekur undir með Moss. „Konur eru ekki sýndar jafn kynferðislega eins og þær voru,“ segir hún. „Þær eru sýndar á miklu svaltari og raunverulegri hátt, held ég, í staðinn fyrir þessa ímynd um konu sem litlar, sætar og kynæðandi. Konur eru að klæða sig fyrir konur, en ekki lengur fyrir karlmenn.“

SKÓDAGAR

ICEWEAR * MAGASÍN

LAUGAVEGI 91 - 2. HÆÐ

1.-12. mars

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓM

ASOLO

FJALLGÖNGUSKÓR
LÉTTIR GÖNGUSKÓR
HVERSDAGSSKÓR
BARNASKÓR



TPS 520 GV
~~Kr. 29.990.-~~
Nú kr. 22.492.-



Herra/Dömu



Lagazuoi GV
~~Kr. 31.990.-~~
Nú kr. 23.993.-



Herra/Dömu



Enforce GV BARNASKÓR
~~Kr. 11.990.-~~
Nú kr. 8.992.-



Barnaskór



Blade GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-



Herra

Blade GV

~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-



Falcon GV
~~Kr. 27.490.-~~
Nú kr. 20.618.-



MEGAGRIP

Dömu



Drifter GV
~~Kr. 29.990.-~~
Nú kr. 22.493.-



Dömu



Bajura NBK GV
~~Kr. 34.990.-~~
Nú kr. 26.243.-



Herra



Falcon GV
~~Kr. 27.490.-~~
Nú kr. 20.618.-



MEGAGRIP

Herra



Shiver GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-



Herra, margir litir til



Shiver GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-



Dömu, margir litir til



Myth GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-



Dömu



Myth GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-



Herra



HLAUPASKÓR
LÉTTIR GÖNGUSKÓR



ULTRA FLEX MID HERRA
Framúrskarandi grip og stöðugleiki. Michelin® sóli tryggir fullkomið jafnvægi á tæknilegum hlaupaslóðum um fjallendi.

~~Kr. 26.490.-~~
Nú kr. 19.868.-



ALPENROSE ULTRA MID GTX DÖMU

Gore-Tex® vatnsheldir skór, sem veita gott grip og stöðugleika við mismunandi aðstæður. Góður stuðningur við ökkla, sérstaklega niður í móti. Michelin® sóli tryggir fullkomið jafnvægi.

~~Kr. 26.490.-~~
Nú kr. 19.868.-



LIGHT TRAIN DÖMU

Framúrskarandi grip og stöðugleiki. Michelin® sóli tryggir fullkomið jafnvægi á tæknilegum og krefjandi hlaupaslóðum.

~~Kr. 18.990.-~~
Nú kr. 14.242.-



KULDASKÓR
BARNASKÓR



INDIANA BARNASKÓR
Vetrarskór sem halda fótunum þurrum og hlýjum í vætu og snjó. 100% vatnsheldir með DriDefence® KAMIK sóla með miklu slitþoli og sterku NiteRays® endurskini.

~~Kr. 12.990.-~~
Nú Kr. 9.743.-



SOUTHPOLE 4 BARN VETRARBOMSUR

Kamik Southpole 4 eru vinsælustu barnastígvélin í Kamik línunni. Stígvélin eru hönnuð fyrir börn til að leika sér í snjónum. Vatnspétt nælon og teygjureimar þetta skóinn bæði við kálfa og við ökkla, sitja vel á fæti.

~~Kr. 9.490.-~~
Nú Kr. 7.117.-



YUKON 6 HERRASKÓR

Lauflettir og sterkir sem stál. Fullkomnir fyrir íslenskar aðstæður, göngufærdir og hverskyns útivist. Vatnsheldir og einstaklega hlýjir.

~~Kr. 21.990.-~~
Nú Kr. 16.493.-

VERIÐ VELKOMIN Á SKÓDAGA ICEWEAR MAGASÍN
Á LAUGAVEGI 91 OG GERIÐ GÓÐ KAUP

ICEWEAR * MAGASÍN

LAUGAVEGI 91 - 2. HÆÐ

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu rikari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

STÓRA BÍLASALAN



100% LÁN

FORD Focus Dísel Sjálfskiptur. Ágerð 2012, ekinn 83 þ.KM. TILBOÐ 1.480.000. Rnr.159956.



100% LÁN

SUZUKI SX4 GLX. Ágerð 2012, ekinn 132 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.450.000. Rnr.162944.



100% LÁN

SUBARU Outback. Ágerð 2006, ekinn 234 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 girar. Verð 980.000. Rnr.171094.

STÓRA BÍLASALAN



100% LÁN

NISSAN E-NV200. Ágerð 2014, ekinn 13 þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. TILBOÐ 1.990.000. Rnr.150070.



100% LÁN

FORD Focus Edition Sjálfskiptur. Ágerð 2016, ekinn 27 þ.KM. TILBOÐ 2.280.000. Rnr.159915.



100% LÁN

FORD Transit Connect. Ágerð 2013, ekinn 24 þ.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.580.000 án VSK. Rnr.136370.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



M.BENZ SPRINTER 316D L2H1 nýskr. 03/2012, ekinn aðeins 97 þ.km, dísel, beinskíptur, dráttarkrókur. TILBOÐSVERÐ 2.290.000 kr. + vsk. Raðnr. 257463 á BILÓ.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

Hjólhýsi



HOBBY HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNADUR!

Kauptu beint frá Þýskalandi. Við aðstoðum þig. Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is s. 863 4449. Ath takmarað magn.

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfröi

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Chevrolet Cruze LTZ

Nýskráður 5/2015, ekinn 13 þús.km., dísel, beinskiptur, leðurinnrétting, lykjalaust aðgengi, lítið ekinn.



Tilboð kr. 1.990.000



Honda CR-V Elegance

Nýskráður 4/2010, ekinn 99 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, alcantara áklæði, gott eintak.



Verð kr. 2.390.000



Honda Civic Sedan Comfort

Nýskráður 8/2017, ekinn 2 þús.km., bensín, beinskiptur, sýningarbill frá umboði, 3 ára verksmiðjuábyrgð, 182 hestöfl, uppgefin meðaleyðsla 5,8L/100km í blönduðum akstri.



Tilboð kr. 3.390.000



Peugeot 208 Active dísil

Nýskráður 3/2014, ekinn 51 þús.km., dísel, beinskiptur, uppgefin meðaleyðsla 3,8 l/100 km í blönduðum akstri.



Verð kr. 1.190.000

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00



NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalarnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þveggillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta www.hsebokhald.is hsebokhald@hsebokhald.is Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggiltur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Húsaviðhald

Pakpappaverk

Eitt besta verðið S. 778 8322



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Húsasmiðameistari. Alhliða smíðavinna, tilboð eða timavinna. Sími 7778450 eða á thorarinnscheving@live.com

Önnur þjónusta



Parketslípun og Málun www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parket og málameistari að störfum. Marstilboð 2900 kr Fm. 7728100

Keypt & Selt

Til sölu



Tilvalin fermingargjöf! **BENSÍNSVESPA** Engin trygging! Ekkert próf! **Kr. 229.900,-** **NITRO** Nitro - Urðarharvi 4 - 557 4848 - nitro.is

HITAVEITU-SKELJAR



HEITIRPOTTAR.IS

HÖFDABAKKA 1 SÍMI 777 2000

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nykomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf. Óseyrarbraut 2 Hf, Upplhjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Heilsa

Nudd

HEILSUNUDD

Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 561 6254

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Pall Andrésson.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR - LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smíði, verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

ATVINNUHÚSNÆÐI

Til sölu eða leigu 50 m² í Steinhelli 14. Góð hæð+hurð. Verð: 18,4 m. Leiga: 99 þ. Bara snyrtileg starfs. Facebook: steinhella 14 S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m². Ódyrt eftir það. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði



VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA

Heimaas óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"



NEMI Í HÚSASMÍÐI

Heimaas óskar eftir að ráða nema á samning í húsmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

SÖLUMENN ÓSKAST.

Óska eftir sölumönnum til að selja í hús usb lykla sem á er digital bók. Geta sölumenn auðveldlega haft margar milljónir eftir skatt. Gengið er í hús milli kl 12-22 alla daga þegar gott er veður. Uppl.í s: 776-4111

Gröfumaður óskast, aðeins vanir menn. Einnig verkamenn vanir jarðvinnu. Uppl. í s. 8970731

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR - LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smíði, verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444



Suðurlandsbraut 52


108 Reykjavík

Sími 533 6050

Faxnr. 533 6055

www.hofdi.is

VIRÐULEG, FALLEG EIGN Á EFTIRSÓTTUM STAÐ Í VESTURBÆ



ÓPIÐ HÚS!
Í dag milli kl.17:30 og 18:30

Framnesvegur 20A, 101 Rvk – Raðhús

Um er að ræða einstaka eign sem hefur verið endurnýjuð að nánast öllu leyti á þremur hæðum, botnflötur er um 40 fm en eignin er skráð 105,2 fm. Þrjú mjög rúmgóð svefnherbergi, rúmgott baðherbergi og líks snyrting á efstu hæðinni. Verönd bæði fyrir framan og aftan húsið og sér garður með nýlegum garðkofa. Sjón er sögu ríkari.

Ásett verð aðeins kr. 62,2 millj. Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir, s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.



AUGLÝSING UM NÝTT AÐALSKIPULAG VESTMANNAEYJABÆJAR 2015-2035

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur samþykkt að auglýsa tillögu að aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar skv. 31. gr. laga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006. Nýtt aðalskipulag tekur til tímabilsins 2015-2035 og er endurskoðun á aðalskipulagi fyrir tímabilið 2002-2014. Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

Skipulagstillagan verður til sýnis í Einarssstofu (anddyri Safnahúss) við Ráðhúströð og hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Skildingavegi 5, frá 28. febrúar til og með 11. apríl 2018. Á sama tíma verður tillagan aðgengileg hjá Skipulagsstofnun bæði í sýningarrými að Borgartúni 7b og á vefsíðunni www.skipulag.is. Þá eru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg rafrænt á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar www.vestmannaeyjar.is, í glugganum Nýtt Aðalskipulag

Ópið hús, kynning á skipulaginu verður í Einarssstofu (anddyri Safnahúss) við Ráðhúströð miðvikudaginn 7. mars nk. milli kl. 14:00 og 18:00. Þar munu hönnuðir skipulagsins kynna efnistöð skipulagsins og svara fyrirspurnum áhugasamra.

Athugasemdir við tillöguna. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 11. apríl 2018. Skila skal inn skriflegum athugasemdum til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans að Skildingavegi 5, 900 Vestmannaeyjum b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið bygg@vestmannaeyjar.is

Skipulagsfulltrúi

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að leika sér

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjðu á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.

Tímamantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

WORK NORTH

HÚSARIF • JARÐVINNA • MÚRBROT
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN

Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

ELYALIND GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.ejyalind.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bástúl á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta
vel í ferðþjónustuna,
afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR
SMÍÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIÐAVERKSTAEI.IS
S. 587 1350

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Öryggismyndavél fyrir sumarþústað og heimili.

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörðun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is